



Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10

150REYKJAVÍK

SA/

Rvk. 15. apríl 2004

**Efni: stjórnarfrumvarp til breytinga á lögum um öryggi vöru og opinbera
markaðsgæslu, 734. mál**

Samkvæmt athugasemdum með frumvarpinu miðar það aðallega að því að koma til framkvæmda hér á landi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB um öryggi vöru. Lagðar eru til nokkrar breytingar á gildandi löggjöf um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu í því skyni að aðlaga lögina að umræddri tilskipun um vöruöryggi. Þá segir í athugasemdum: „Þá er einnig lagt til í frumvarpinu að lög um öryggi vöru taki ekki aðeins til þjónustu sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti, eins og gildandi lög gera ráð fyrir, heldur einnig til þjónustu. Sú tilhögun er í samræmi við lagapróun á Norðurlöndum, sbr. t.d. löggjöf um öryggi vöru í Svíþjóð og Finnlandi.“

Samtök atvinnulífsins mótmæla þessari fyrirhuguðu útvíkkun á gildissviði laganna, þótt dæmi kunnir að vera um slíkt á tveimur Norðurlöndum. Samtökin hafa ávallt lagt áherslu á að ekki skuli gengið lengra í innleiðingu Evrópureglna en viðkomandi tilskipanir krefjast. Ljóst er að frumvarpið felur í sér verulega aukningu á eftirlits- og skrifræðisbyrði fyrirtækja með tilheyrandi kostnaði og umstangi. Samtökin mótmæla því að íslensk fyrirtæki verði látin bera þann kostnað og sinna því umstangi sem frumvarpið krefst, umfram það sem almennt gerist á Evrópska efnahagssvæðinu, með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á samkeppnishæfni við erlenda keppinauta.

Jafnframt skal á það bent að skilgreining þjónustuhugtaksins er mjög óljós í frumvarpinu, en skv. 2. gr. frumvarpsins mun þjónusta í lögum þessum merkja „þjónustu sem eingöngu eða að verulegu leyti er boðin neytendum.“ Í athugasemdum við 2. gr. er tekið dæmi af svonefndum ævintýraferðum fyrir ferðamenn. En hvað með t.d. fjármálaþjónustu? Fjarskiptaþjónustu? Útleigu gistirýmis? Vandséð er hvernig framboð á slíkum tegundum þjónustu gæti falið í sér hættulega eiginleika fyrir heilsu fólks sem lögunum er ætlað að vernda. Er óhætt að álykta sem svo að t.d. þessar tegundir þjónustu teljist vera án áhættu fyrir einstaklingana, sbr. 6. gr. frumvarpsins, málslið a?

Þar sem eina dæmið í athugasemdum frumvarpsins kemur úr ferðaþjónustunni er rétt að minna á að flestar greinar ferðaþjónustu eru starfsleyfissskyldar og sæta eftirliti ýmissa opinberra stofnana. Samtök ferðaþjónustunnar hafa jafnframt lengi lagt áherslu á mikilvægi þessarar starfsleyfissskyldu og að hún nái til allra greina ferðaþjónustunnar. Jafnframt hafa



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

fyrirtæki í ferðapjónustu lagt síaukna áherslu á leiðbeiningar á íslensku, úttektir á áhættuþáttum o.s.frv. Mjög algengt er t.d. að viðskiptavinir undirriti eyðublað þess efnis að þeir hafi kynnt sér slíkar upplýsingar. En þarna er á ferðinni þróun sem er sjálfsprottin í greininni. Það er mikill munur á því annars vegar og aukinni og ónauðsynlegri reglubyrði með lagasetningu hins vegar.

Loks er rétt að vara við þeim auknu skyldum sem lagðar eru á dreifingaraðila, sbr. 9. gr. frumvarpsins, þar sem segir m.a. að framleiðendum og dreifingaraðilum beri að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hættuleg vara komist á markað, og m.a. er vísað til úrtaksprófana og veitingu upplýsinga um hættueiginleika vörunnar. Óskilvirkt er að beina eftirliti með sölu og merkingu á vöru að ólíkum sölustöðum og flutningsaðilum, þegar innflytjendur og framleiðendur umræddrar vöru sæta þegar eftirliti. Vara sem er rétt merkt eða ranglega merkt í vöruhúsi er eins merkt á sölustað og í meðförum flutningsaðila, hvar sem er á landinu, eða á markaði erlendis ef því er að skipta.

Samtök atvinnulífsins leggjast því gegn samþykkt frumvarpsins í núverandi mynd.

Virðingarfyllt,

Guðstaf Adolf Skúlason
forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs

